

**Borhraði og bergstyrkur. Sverrir Örvar Sverrisson og Höskuldur Búi Jónsson, Vegagerðin - mars 2019.**

Með nýjum jarðtækniborvagni Vegagerðarinnar, sem keyptur var árið 2013, opnuðust möguleikar á að bora í berg. Í þessari skýrslu er borvagninum og möguleikum hans lýst. Verkefnið sem styrkt var af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar var fólgið í að bera saman niðurstöður úr rannsóknum á borkjörnum og rafrænar upplýsingar úr skynjurum borsins um borhraða. Markmiðið er að geta mögulega dregið úr kjarnatöku, en það er fremur seinvirk og dýr aðferð.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir samanburði á borhraða og niðurstaðna Los Angeles og kúlnakvarnarprófa fyrir boranir á 6 stöðum á landinu. Úrtakið er mjög smátt og ekki hægt að byggja mikið á því. Skýrsluhöfundar telja þó að niðurstöður bendi til að hægt sé að spá gróflega fyrir um í hvaða hluta veghlotsins efni er nothæft og í hvaða styrkleikaflokk (LA- og kúlnakvarnargilda) kjarnar í námu myndu falla. Þetta gæfi þannig til dæmis upplýsingar um efnisgæði í hugsanlegum námum tengdum framkvæmdum á ódýrari hátt en áður. Bent er á að með því að miða boranir markvist að því að safna gögnum í þessa veru, megi byggja upp gagnasafn sem gefur nánari og áreiðanlegri upplýsingar.